

Ákæra Páls Hanssonar á hendur hreppsnefndinni í Kleifahreppi 1901.

ÞÍ. Suðuramt. B/101. Db. I. Nr. 240.

Mýrum 8. janúar 1901.

Háttvirti herra.

Síðastliðið vor fluttist ég með konu minni og börnum til framfærsluhrepps míns sem er Kleifahreppur hinn forni og voru viðtökur oddvitanna þar er nú skal frásagt. Ég bað þá að koma mér fyrir með konu og börnum í sama stað og tóku þeir því illa, sögðu að það væri ekki vani hér í hreppi að hafa það svo. Ég leiddi þeim fyrir sjónir hvað það væri ómannúðlegt aðskilja hjón sem vildu vera saman og komu þeir mér þá fyrir í þeim lélegasta stað er þeir vissu af í hreppnum. Íbúðarhús voru þar svo slæm að varla munu dæmi vera til að nokkur maður noti slík hús til íbúðar. Ég bað húsbóndann þar að lagfæra baðstofuna svo það væri hægt að búa í henni í vetur og neitaði hann því, þó hann áður lofaði því mér og oddvitunum báðum sem þá voru áheyrandi. Ég bað því oddvita að koma konu minni og börnum fyrir yfir veturinn til næsta vors. Urðu þeir svo reiðir að varla munu dæmi til vera. Þeir komu þremur börnum mínum fyrir í þá lélegustu staði sem þeir gátu fengið og voru þessir sakleysingjar látnir gjalda mín. Konu minni og yngsta barni okkar var komið fyrir í sama stað en þar hún ekki gat komist eins fljótt og ákveðið var, sem orsakaðist af því að hún var varla komin á fætur ef barnsburð, fór hún þess á leit við annan oddvitann að hann hjálpaði sér um fæði þangað til hún væri svo styrk að geta komist og synjaði oddvitinn því og fyrirbauð mér að brúka nokkuð af mínum eigum til þess en ég hlýddi því ekki. Og liðu svo nokkrar vikur að kona mín var látin afskiptalaus og eigur mínar teknar að fötunum sem ég stóð í og fráteknum einum nærfatnaði sem ég hafði. Nú gat ég ekki hjálpað konu minni lengur og vantaði mig þó ekki vilja til þess. Að fara með hana og barnið fárra vikna gamalt í aðrar sveitir um hávetur sá ég mér ekki fært. Réði því af að leita til sýslumannsins á Kirkjubæjarklaustri og gjörði hann það góðverk að taka konu mína með yngsta barni okkar sem annar oddvitinn ætlaði að taka frá henni í hemd fyrir að hún fór ekki í þann stað sem hann hafði fyrirskipað. Um mig var ekkert hugsað, ég átti að vinna, enda getur það gengið svo lengi sem ég hef heilsu en ég hef hættulegan sjúkdóm og má ekki vinna þegar hann gjörir vart við sig. En meðan hreppsnefndin í Kleifahreppi hefur ráð yfir mér þá verð ég að vinna hvort ég get það eða ekki, annars er mér dauðinn vís, eftir fyrirmælum annars oddvítans. Ég þori ekki að vera þar í byggðarlagi og vil því biðja yður að gefa mér leiðbeining með hvert mér ber skyldu að vinna þar fremur en annars staðar og hvert mér er ekki heimilt að taka konu mína og börn og vinna fyrir þeim þar sem mér er hægast.

Virðingarfyllst

Páll Hansson Öräfingur

á Mýrum, Álftaveri